

Sþ.

## 269. Tillaga til þingsályktunar

[144. mál]

um lækkun á byggingarkostnaði.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Í þeim tilgangi að draga úr húsnæðiskostnaði ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar, sem fólgin er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Á grundvelli þeirrar skýrslu láti ríkisstjórnin gera tillögur um niðurfellingu eða verulega lækkun þeirra gjalda.

### Greinargerð.

Fyrir ári var flutt sams konar þingsályktunartillaga. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Húsnæðiskostnaður reynist mörgum miklu þyngri byrði en eðlilegt getur talist, miðað við annan framfærslukostnað. Sérstaklega á þetta við um ungt fólk og barnmargar fjölskyldur. Kostnaðarbyrðin er þung, hvort heldur byggt er eigin húsnæði eða búíð í leiguhúsnæði.

Lækkun byggingarkostnaðarins er sjálfsögð leið til að draga úr útgjöldum húsbýggjenda og leigjenda. Auk þess er lækkun byggingarkostnaðar þjóðhagslega æskileg til að draga úr spennu í efnahagsmálum. Eru þetta alkunnar staðreyndir.

Augljóst er, að hinn hái húsnæðiskostnaður veldur ríkinu margvíslegum vanda. Þegar byggingarkostnaður hækkar, aukast skyldur ríkisins til að leggja fé til húsnæðismála, að ótöldum hugsanlegum aðgerðum vegna áhrifa húsnæðiskostnaðar á vísitölu. Það má því kallast mótsagnakennt, að ríkið sjálft skuli með ýmsum hætti verða til þess að halda þessum kostnaði uppi, með opinberum álögum á byggingar efni og nokkra aðra þætti byggingarkostnaðar. Má þar nefna aðflutningsgjöld, sölu-skatt, launaskatt o. fl.

Það virðist liggja beint við að leggja til, að ríkið dragi sjálft úr aðgerðum, sem hækka húsnæðiskostnað. Það er meginhugsun bak við þessa tillögu, að hvort tveggja gerist í senn, að ríkið felli niður eða lækki álögur á húsbýggjendur og geti hlutfallslega dregið úr skuldbindingum, sem það ella yrði að taka á sig um fjárútvægum til húsbýggingalána. Samþykkt tillögu þessarar þýðir því ekki raunverulegt tap fyrir ríkissjóð. Hér er öllu fremur um að ræða millifærslu, reikningslega hagræðingu, sem ein saman getur lækkað húsnæðiskostnað í landinu um 11—15%.

Hér fylgir lausleg ágiskun um skiptingu byggingarkostnaðar í verðþætti íbúðarhúsa í Reykjavík.

	%	Á þessu bili
Laun á byggingarstað (útseld vinna) .....	41	35—45
Cif-verð innfl. ....	16	12—20
Aðflutningsgjöld .....	6	5—7
Söluskattur .....	6	5½—6½
Borgargjöld .....	4	2—8
Teikningar .....	4	3—5
Annað (laun utan byggingarstaða, innl. efni, álagning á vöru, vélavinna o. fl., o. fl.) .....	23	20—28

100

Opinberar álögur eru 15—20% af byggingarkostnaði, til ríkis 11—15% (tollur, söluskattur, launaskattur, skipulagsgjald, gatnagerðargjald o. fl., o. fl.).

Af þessu yfirliti má marka, að sá hluti byggingarkostnaðar, sem ríkið leggur á, nemur verulegum fjárhæðum. Þessar fjárhæðir verða svo m. a. til þess að auka kröfur á hendur ríkinu. Lækkun þeirra fjárhæða gæti dregið úr spennu, ríki og almenningi til hagsbóta.